



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA-ritgerð
í íslensku**

Fjórar greinar

Um bókabörn í *Vesturfarasögum* Böðvars Guðmundssonar

Hugrún Ragnarsdóttir

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor
Júní 2023

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Fjórar greinar

Um bókabörn í *Vesturfarasögum* Böðvars Guðmundssonar

Hugrún Ragnarsdóttir
Kennitala 010265-3639

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Fjórar greinar: Um bókabörn í *Vesturfarasögum* Böðvars Guðmundssonar

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Huguín Ragnarsdóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Vesturfarasögur Böðvars Guðmundsonar vöktu mikla athygli þegar þær komu út undir lok síðustu aldar. *Vesturfarasögurnar* eru fjölskyldusaga sem í raun segir sögu fimm kynslóða þótt Ólafur nokkur fíólín og afkomendur hans séu í brennidepli. Ólafur fíólín átti allmörg börn og er um þau fjallað í þessari ritgerð. Sjónum er þó einna helst beint að þeim börnum hans sem lifðu fram á fullorðinsár. Meginmarkmið ritgerðarinnar er að fjalla um börnin út frá kenningum um ímyndir bókabarna. Hugtakið bókabörn er fengið úr samnefndri bók Dagnýjar Kristjánsdóttur og í grófum dráttum tákna það börn sem verða til á blaðsíðum bóka og vakna til lífsins í hugum og hjörtum höfunda og lesenda. Í ritgerðinni er meðal annars gerð grein fyrir því hvernig ímyndir bókabarna eru felldar undir hugtökin hið rómantíska barn, hið tilfinningasama barn, hið úrræðagóða barn og hið hæfa barna og er fjórum börnum Ólafs fíólín fundinn staður innan fyrrnefndra ímyndarhugtaka. Í stuttu máli eru niðurstöðurnar þær að eitt barnanna fellur í flokk hins rómantíska barns, annað í flokk hins tilfinningasama barns og tvö þeirra fá greiningu hins úrræðagóða barns. Að auki eru þrjú af börnunum talin falla undir hugmyndir um hið hæfa barn.

Abstract

Vesturfarasögur by Böðvar Guðmundsson got a great deal of attention when the stories were published by the end of last century. They tell the story of a family through the period of five generations, even though they mostly focus on the person Ólafur “violin” and his children. His children are the main subject of this essay, especially those who lived to adulthood. The main goal of the thesis is to see how the children fit certain ideas or images of children in books. The term “bookchildren” (Icelandic: “bókabörn”), as stated in the study *Bókabörn* by Dagný Kristjánsdóttir, refers to children who appear on pages of books and live through the authors and the readers. The thesis also explains literary ideas of the romantic child, the emotional child, the resourceful child and the capable child. The main findings of the thesis are that one of the children falls into the category of the romantic child, another into the category of the emotional child and two of them into the category of the resourceful child. In addition, three of the children also fall into the category of the capable child.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Höfundurinn, bækurnar og sagan	8
2.1 Vesturfarasögurnar	8
2.2 Aðdragandi flutninganna	9
2.3 Ferðin yfir hafið.....	10
2.4 Ný heimkynni	11
2.5 Heim á ný um stundarsakir.....	12
3. Börn Ólafs fíólín.....	13
3.1 Þau sem létust á barnsaldri.	13
3.2 Málmfríður.....	14
3.3 Ólafur heiðarsveinn	15
3.4 Jóhann.....	16
3.5 Jens Duffrín	17
4. Bókabörn	19
4.1 Bókabernska	19
4.2 Ímyndir bókabarna.....	20
5. Ímynd bókabarna Ólafs fíólín.....	22
5.1 Ímynd Málmfríðar	22
5.2 Ímynd Ólafs heiðarsveins	23
5.3 Ímynd Jóhanns.....	24
5.4 Ímynd Jens Duffríns	25
5.5 Hin hæfu bókabörn Ólafs fíólín.....	26
6. Lokaorð.....	27
Heimildaskrá.....	29

1. Inngangur

Á lágum ási í íslenskri sveit fann lítið bókabarn eitt sinn fallegan grænan stein sem það hirti sér til gamans.¹ Þótt atburðurinn virðist æði hversdagslegur og varla athygli verður átti þessi steinn eftir að ferðast langa vegu jafnt í tíma og rúmi. Hér er þó ekki um raunverulegan atburð að ræða heldur skáldað atvik í bók og er ætlunin að fylgjast með ferðalagi steinsins í bókmenntalegum skilningi. Bækurnar sem fjallað verður um í þessari ritgerð eru *Vesturfarasögur* Böðvars Guðmundssonar, en þær segja sögu fjölskyldu sem sem flutti til Ameríku þegar vesturferðir Íslendinga stóðu sem hæst á ofanverðri 19. öld. Frekari grein verður gerð fyrir sögunum og höfundu þeirra síðar. Nánar tiltekið er viðfangsefnið nokkur bókabörn í sögunum, þ.e. börn aðalpersónunnar Ólafs fiólín. Hugtakið bókabörn verður betur skýrt í meginmáli en í aðalatriðum tákna það börn sem verða til á blaðsíðum bóka og vakna til lífsins í hugum og hjörtum höfunda og lesenda.²

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að fjalla um börn Ólafs fiólín í *Vesturfarasögum* Böðvars Guðmundssonar út frá bókmenntafræðilegum kenningum um ímyndir bókabarna. Allra barna Ólafs fiólín verður getið en sjónum þó einna helst beint að þeim börnum hans sem lifðu til fullorðinsára.

Heiti ritgerðarinnar, *Fjórar greinar*, er fengið af síðum *Vesturfarasaganna* og vísar til þeirra fjögurra barna Ólafs sem lifðu bernskuna af og hér er fjallað um.³ Bernska þeirra og uppvöxtur skapa ímyndir þeirra sem bókabörn en engu að síður verður í stuttu máli sagt frá fullorðinsárum þeirra og afdrifum.

Auk umfjöllunar um bókabörninn verður sagt frá aðdraganda þess að Ólafur fiólín ákvað að flytja með hluta fjölskyldu sinnar vestur um haf, ferðalaginu sjálfu og viðtökum og aðbúnaði í nýjum heimkynnum þegar á leiðarenda var komið. Lífshlaup barnanna verður rakið í stuttu máli og meðal annars sagt frá atvikum og áföllum í lífi þeirra sem enn frekar móta þau sem bókabörn.

Ein af aðalheimildunum við rannsóknarvinnuna var bókin *Bókabörn* eftir Dagnýju Kristjánsdóttur. Í henni er ítarlega fjallað um bókabörn í barnabókum og þau t.a.m. flokkuð undir ímyndarhugtökinn *rómantíska barnið*, *tilfinningasama barnið*, *trúaða*

¹ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar* (Reykjavík: JPV útgáfa, 2015), 139.

² Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn* (Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun, Háskólaútgáfan, 2015), 9.

³ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 485.

barnið og úrræðagóða barnið, auk þess sem *hið hæfa barn* kemur við sögu. Þótt *Vesturfarasögurnar* verði seint flokkaðar sem barnabókmenntir var byggt á framangreindum hugmyndum við greiningu á ímyndum bókabarna Ólafs fiólín. Í stuttu máli eru niðurstöðurnar þær að eitt barnanna fellur í flokk hins rómantíska barns, annað í flokk hins tilfinningasama barns og tvö þeirra fá greiningu hins úrræðagóða barns. Að auki eru þrjú af börnunum talin falla undir hugmyndir um hið hæfa barn.

Vesturfarasögurnar eru tvær, þ.e. *Hibýli vindanna* og *Lífsins tré*. JPV útgáfa í Reykjavík gaf sögurnar út saman í einni bók árið 2015 og til hægðarauka var sú útgáfa notuð sem aðalheimildin við þessi skrif.

2. Höfundurinn, bækurnar og sagan

Böðvar Guðmundsson rithöfundur er frá Hvítársíðu í Borgarfirði. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1962 og Cand. mag.-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands árið 1969. Frá 1964–1965 var hann í Þýskalandi við nám auk þess sem hann nam í Frakklandi árin 1972–1973. Böðvar starfaði við kennslu í fjöldamörg ár, jafnt hérlendis sem erlendis, auk þess sem hann skrifaði ljóðabækur, leikrit og skáldsögur en fyrsta bók hans, ljóðabókin *Austan Elivoga*, kom út árið 1964.⁴ Böðvar á að baki afar farsælan rithöfundarferil auk þess sem eftir hann liggja þýðingar verka eftir virta höfunda eins og Roald Dahl og Astrid Lindgren.⁵

2.1 Vesturfarasögurnar

Bækur Böðvars um ferðir Íslendinga til Vesturheims vöktu mikla athygli.⁶ Þær eru tvær og jafnan kallaðar *Vesturfarasögurnar* enda mynda þær eina heildstæða sögu eins og síðar verður rakið. Fyrri bókin, *Hibýli vindanna*, kom út árið 1995 og hin síðari, *Lífsins tré*, ári síðar.⁷ Fyrir *Lífsins tré* hlaut Böðvar Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta.⁸ Baldur Hafstað hefur bent á nauðsyn þess að meta sögurnar tvær sem eina heild og verður farið að ráðum hans hér.⁹ Enda er það svo að bókabörnin sem eru viðfangsefni þessara skrifa birtast víða á síðum beggja bóka og má segja að þau eigi örlítinn þátt í að tengja bækurnar og efnið saman. Það er þó einna helst frásagnarmátinn sem skapar heildarmyndina en hann er sá að sögumaðurinn, Ólafur Tryggvason, segir dóttur sinni ættarsöguna í bréfum sem hann ritar á sex ára tímabili.¹⁰ Úr verður eins konar rammafrásögn sem hefst á fyrstu síðu *Hibýla vindanna* og lýkur á síðustu blaðsíðu *Lífsins trjáa*. Frásagnarmátinn verður enn merkilegri fyrir þær sakir að ættarsagan er fengin úr bréfum sem sem í raun segja sögu fimm kynslóða á 200 ára tímabili.¹¹ Síðar gerði Böðvar

⁴ „Bókmenntaborgin“, Bókmenntaborgin 8. maí 2023:

<https://bokmenntaborgin.is/bokmenntavefur/hofundar/bodvar-gudmundsson>

⁵ Sama heimild.

⁶ Sama heimild.

⁷ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 4.

⁸ „Böðvar og Þorsteinn hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin“, *Morgunblaðið*, fréttatilkynning, 4. febrúar 1997.

⁹ Baldur Hafstað, „Ólafur ferjumaður frá Seyru“, *Skírnir* 172, vor (1998): 246.

¹⁰ Sama rit, 239.

¹¹ „Bókmenntaborgin.“

bréfum Vestur-Íslendinga fræðileg skil með því að safna þeim saman og gefa út í tveimur bindum.¹²

2.2 Aðdragandi flutninganna

Vesturfarasögurnar eru fyrst og fremst fjölskyldusaga þar sem sagt er frá Ólafi nokkrum Jenssyni, sem jafnan er kallaður Ólafur fíólín, og afkomendum hans. Viðurnefnið fékk hann vegna forlata fíðlu sem hann hlaut í arf eftir föður sinn.¹³ Eins og títt var um unga og fátæka sveitapilta á Íslandi á ofanverðri 19. öld hófust fullorðinsár Ólafs í vinnumennsku hjá öðrum, auk þess sem hann gekk að eiga fátæka stúlku.¹⁴ Þeim hjónum varð margra barna auðið þótt einungis þrjú þeirra lifðu fram á fullorðinsár.¹⁵ Eftir andlát fyrri konu sinnar kvæntist Ólafur aftur og eignaðist son með seinni eiginkonunni og lifði sá til nokkuð hárrar elli.¹⁶ Líkt og síðar verður greint frá glímdu þau hjón alla tíð við mikla fátækt og áttu sjaldnast til hnífs og skeiðar. Þeim til trega þurftu þau oft og tíðum að láta börnin frá sér til lengri eða skemmri tíma og verður þess fyrst vart er þau horfðu á eftir tveimur barna sinna til vandalausra strax að lokinni skírn þess yngra.¹⁷ Börn Ólafs fíólín eru aðalviðfangsefni þessara ritsmíða og verður þar af leiðandi fjallað nánar um þau síðar.

Ólafur og Sæunn, fyrri kona hans, sögðu skilið við vinnumennsku og fóru að búa á jörðinni Seyru en auk bústarfanna ferjaði Ólafur gesti og gangandi yfir Jökulsá.¹⁸ Fátæktin var þó förunautur fjölskyldunnar í búskapartíðinni í Seyru og þung reyndust á köflum spor Ólafs fíólín að biðja um aðstoð til að brauðfæða fjölskylduna.¹⁹ Að því kom að heimilið var leyst upp og eldri drengjunum tveimur komið fyrir á nálægum bæ.²⁰ Þekkt er að fjölskyldur hafi verið sundraðar síðustu mánuðina fyrir brottför vestur um haf og börnin þá gjarnan fjarri foreldrum sínum.²¹ Upplausn heimilisins kann því að hafa verið áhrifavaldur þegar þau hjón ákváðu að flytjast búferlum og halda vestur.

¹² Böðvar Guðmundsson (ritstjóri), *Bréf Vestur-Íslendinga I–II* (Reykjavík: Mál og menning, 2001–2021).

¹³ Baldur Hafstað, „Ólafur ferjumaður frá Seyru“, 239.

¹⁴ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 94.

¹⁵ Sama rit, 150.

¹⁶ Sama rit, 643.

¹⁷ Sama rit, 108.

¹⁸ Sama rit, 121.

¹⁹ Sama rit, 131.

²⁰ Sama rit, 139.

²¹ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003), 127.

Í Seyru heyrðu Ólafur og Sæunn í fyrsta skipti minnst á fólksflutninga til Ameríku.²² Faguryrði skrafhreifins gests um landkosti og möguleika til betra lífs í hinni fjarlæggu Ameríku sáðu fræi í huga hins fátæka bónda.²³ Fræið, stórt eða lítið sem það var, náði skömmu síðar að skjóta rótum þegar Ólafur hlýddi á agent²⁴ nokkurn halda lofræðu mikla um kosti þess að flytjast búferlum til Ameríku, þar sem þeir sem vildu gætu fengið gjöfult land til ábúðar næstum því endurgjaldslaust, auk þess sem næga vinnu væri að hafa og að menn fengju m.a.s. greitt fyrir vinnu sína.²⁵ Vonin um betra líf hefur væntanlega létt undir með Ólafi að leita á náðir hreppstjórans og þar með hreppsins um fargjald fyrir fjölskylduna til Ameríku. Hreppsnefndin hittist í framhaldinu á fundi þar sem tekin var ákvörðun um að greiða fargjaldið fyrir hluta fjölskyldunnar til að losna undan frekari útgjöldum vegna þeirra, enda féll skylda hreppsins til framfærslu fátæklinga niður flyttu þau til annarra landa.²⁶ Fátækraflutningar til Ameríku eru vel þekktir frá tímum vesturferðanna og gerðu íslenskar hreppsnefndir talsvert af því að senda ómaga sína vestur um haf, jafnvel nauðuga.²⁷ Ólafur fiólín var hins vegar fús til ferðarinnar og hélt af stað í hið langa ferðalag yfir hafið með hluta fjölskyldu sinnar haustið 1874.²⁸ Í buxnavasa lítils drengs lá fallegi steinninn græni sem nú skyldi skipta um híbýli rétt eins og drengurinn sjálfur sem hafði fengið steininn að skilnaðargjöf frá bróður sínum er þeir kvöddust í hinsta sinn.²⁹

2.3 Ferðin yfir hafið

Ferðalagið yfir hafið var í raun ekki heiglum hent og hófst gjarnan með skipsferð frá Íslandi til Skotlands. Væri stefnan sett á Kanada tók þaðan við sigling til Québec og loks járnbrautarlestarferð á áfangastað.³⁰ Ætla má að aðbúnaði fólksins um borð í skipunum hafi einatt verið ábótavant enda þekktist það að vesturförum var komið fyrir í skipslestum sem höfðu þá í skyndi verið hólfadar niður í smærri rými.³¹ Hann var heldur ekki beysinn

²² Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 137.

²³ Sama rit, 136–38.

²⁴ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, 19. Umboðsmenn skipafélaganna sem seldu ferðir vestur um haf voru kallaðir agentar.

²⁵ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 142–43.

²⁶ Sama rit, 144.

²⁷ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, 60.

²⁸ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 164.

²⁹ Sama rit, 149.

³⁰ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, 33.

³¹ Sama rit, 62.

aðbúnaðurinn sem Ólafi fíólín og fjölskyldu hans bauðst þegar þau stigu um borð í skipið Láru sem flytja skyldi þau fyrsta legg hins langa ferðalags. Þeim var úthlutað dýnum og teppum til að liggja við og fötur til að notast við vegna uppkasta, en viðbúið var að sjóveiki myndi herja á þau.³² Enda var svo sem ekki við miklum íburði að búast þar sem skipið var komið til að sækja „saltað sauðaket í tunnum og lifandi hross, póst og fólk sem var ofaukið“.³³ Skipið var sem ekki hannað til að flytja farþega heldur búfénað og vörur, en þekkt eru dæmi þess að fólk hafi fengið að fljóta með til baka yfir hafið þegar skip voru send eftir hrossum og sauðfé.³⁴ Eftir stutta viðdvöl í Skotlandi tók við ferðalag með öðru skipi sem flytja skyldi þau til fyrirheitna landsins.³⁵ Þar um borð léku örlaganornirnar enn einn grimmdarleikinn gagnvart hjónunum frá Seyru þegar upp kom skæð innflúensa um borð sem varð yngsta syni þeirra að aldurtila.³⁶ En áfram héldu nornirnar að spinna þeim lífsvefinn; fjölskyldan komst að lokum á leiðarenda og lagðist til hvílu fyrstu nóttina í nýjum heimkynnum í blautum og helköldum bjálkakofa.³⁷

2.4 Ný heimkynni

Í kringum 1870 var Kanadamönnum mikið í mun að laða að innflytjendur til landsins í þeim tilgangi að fá þá til að setjast að. Til þess að það mætti verða gripu þeir til þess ráðs að bjóða ódýrar eða ókeypis jarðir og fjárhagsaðstoð við að hefja búskap.³⁸ Fáeinum árum síðar beindu þeir innflytjendum í stórum stíl vestur til Manitoba og þar sem Íslendingar vildu gjarnan halda hópinn var stefnan sett í vesturátt og með í för voru hugsjónir um að stofna nýtt Ísland.³⁹ Úr varð að árið 1875 stofnuðu íslenskir landnemar nýlendu um 100 kílómetra norðan við Winnipeg í Manitoba og hlaut hún nafnið Nýja-Ísland.⁴⁰

Ólafur fíólín og fjölskylda hófu sinn búskap á erlendri grundu í Kinmount í meiri kulda og vosbúð en góðu hófi gegndi. Börn tóku að veikjast og deyja og í þeirra hópi var dóttir Ólafs og Sæunnar sem enn einu sinni máttu fylgja barni til grafar.⁴¹ Dvölin í

³² Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 166.

³³ Sama rit, 162.

³⁴ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafis*, 33.

³⁵ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 188.

³⁶ Sama rit, 194–95.

³⁷ Sama rit, 232.

³⁸ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafis*, 31.

³⁹ Sama rit, 36–37.

⁴⁰ Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason, *Íslensk bókmenntasaga* (Reykjavík: Mál og menning, 1992), 728–29.

⁴¹ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 236–37.

Kinmount varð Íslendingum ekki happadrjúg⁴² og svo fór að þau hjón héldu enn einu sinni af stað í leit að betri bústað og haustið 1875 komu þau til Nýja-Íslands.⁴³ „Hér hugðum við mamma okkar framtíð góða“ skrifaði Ólafur fíólín löngu seinna í bréfi til sonar síns á Íslandi.⁴⁴ Reyndin varð þó allt önnur því erfiðleikunum sem við hjónunum blasti var hvergi nærri lokið. Fátt varð til búbjargar til að byrja með og annan veturinn þeirra á Nýja-Íslandi geisaði þar bólusótt.⁴⁵ Sæunn lét í minni pokann fyrir þeirri skæðu pest og lést eftir skammvinn veikindi.⁴⁶ Eftir sat Ólafur fíólín ásamt ungum syni sínum og undi sér hvergi.⁴⁷ Ólafur ákvað að yfirgefa Nýja-Ísland og kom syninum fyrir hjá góðu vinafólki sínu enda var það talið barninu fyrir bestu eins og komið var.⁴⁸

2.5 Heim á ný um stundarsakir

Eftir allt sem á undan var gengið hélt Ólafur fíólín til Íslands á ný og „kom slyppur og snauður heim í fæðingarhrepp sinn árið 1880“.⁴⁹ Heimkoma Ólafs var ekki einsdæmi meðal vesturfaranna en af þeim 17–18 þúsundum sem fluttu út er talið að um tvö til fjögur þúsund manns hafi snúið heim aftur.⁵⁰ Ekki svo ýkja löngu eftir heimkomuna kvæntist Ólafur seinni eiginkonu sinni, Elsabetu, og eignaðist með henni son árið sem hann varð fimmtugur.⁵¹ Ísland var ekki gjöfult til bjargráða handa þeim hjónum⁵² og til að gera langa sögu stutta flutti Ólafur aftur til Kanada og þá konu og barni ríkari.⁵³

⁴² Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, 36.

⁴³ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 290.

⁴⁴ Sama rit, 316.

⁴⁵ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, 37.

⁴⁶ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 321.

⁴⁷ Sama rit, 323.

⁴⁸ Sama rit, 332.

⁴⁹ Sama rit, 359.

⁵⁰ Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason, *Íslensk bókmenntasaga*, 727.

⁵¹ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 363–64.

⁵² Sama rit, 377.

⁵³ Sama rit, 379–80.

3. Börn Ólafs fiólín

Nú þegar öll börn Ólafs fiólín Jenssonar hafa litið dagsins ljós á síðum þessa rits er ekki úr vegi að staldra örlítið við og huga nánar að þeim. Ólafi varð margra barna auðið þótt ekki kæmust þau öll til manns og rétt þykir að kynna þau lítilega til sögunnar, áður en þau þeirra sem lifðu til fullorðinsára verða felld undir bókmenntafræðilegar kenningar um bókabörn. Börn Ólafs hlutu heldur bágborið veganesti út í lífið en ljóst má vera við lestur *Vesturfarasaganna* að áföll og erfiðleikar fylgdu þeim flestum. Af þeim níu börnum sem Ólafur fiólín eignaðist létust fimm þeirra á barnsaldri, tvö voru skilin eftir á Íslandi þegar flutt var vestur um haf og eitt þeirra var skilið eftir í Kanada þegar Ólafur flutti aftur heim um stundarsakir, auk þess sem yngsta barninu var komið fyrir hjá vandalausum eftir óheppilegt atvik sem varð af þess völdum. Frá þessu og lífshlaupi barnanna verður nánar greint hér á eftir og sjónum beint að þeim atvikum sem henda börnin á síðum bókana og gera þau að þeim bókabörnum sem sögunnar greina frá.

3.1 Þau sem létust á barnsaldri

Áður en Ólafur fiólín og Sæunn fluttust búferlum vestur um haf árið 1874⁵⁴ höfðu þau eignast átta börn. Þrjú þeirra létust í frumbersku; elstu stúlkurnar þeirra tvær, sem þau eignuðust með 10 mánaða millibili, urðu rétt um vikugamlar⁵⁵ og fáeinum árum síðar misstu þau tveggja mánaða gamlan son.⁵⁶ Þrátt fyrir að dregið hefði úr ungbarnadauða á Íslandi undir lok 19. aldarinnar var staðan engu að síður sú að af hverjum þúsund fæddum börnum var einungis hægt að búast við að 880 þeirra lifðu af fyrsta aldursárið.⁵⁷ Ástæður ungbarnadauða voru af ýmsum toga og lutu meðal annars að lífskjörum, fæðukosti og barnaeldi, félagslegri stöðu foreldra og efnahagslegum aðstæðum þeirra.⁵⁸ Á ofanverðri 19. öld var óþrifnaður útbreiddur á landinu og lítill skilningur á mikilvægi hreinlætis, að því er virðist.⁵⁹ Trú foreldra á því að læknastréttin væri fær um að bjarga lífi barna var á þessum tíma heldur lítil og kvörtuðu læknar yfir því að vera ekki sóttir til dauðveikra

⁵⁴ Sama rit, 164.

⁵⁵ Sama rit, 94–95.

⁵⁶ Sama rit, 129.

⁵⁷ Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771–1950: Nokkrar rannsóknarniðurstöður“, *Saga: Tímarit sögufélags*, 39 (2001): 97.

⁵⁸ Sama rit, 67.

⁵⁹ Sama rit, 91.

barna.⁶⁰ Varla var tilfinningakulda foreldra um að kenna að börn dóu vegna lélegs aðbúnaðar og umhirðu eða því að ekki var kallað á lækni fyrir þau. Mun líklegra er að fáfræði foreldranna og fátækt hafi verið skaðvaldurinn.⁶¹ Það er því í raun ekki að undra að þrjú af börnum Ólafs og Sæunnar hafi látist á fyrstu vikum ævi sinnar þar sem fjölskyldan bjó alla jafna við rýran kost og sára fátækt og við lestur bókanna er vel hægt að merkja hinn ömurlega aðbúnað í lélegum húsakynnum þeirra, t.a.m. þegar Sæunn stendur á fætur með kuldabláar hendur „og blæs auga í hélu einnar rúðunnar“.⁶² Hjónin frá Seyru horfðu á eftir tveggja ára syni í vota gröf á leiðinni til Kanada en hann lést úr inflúensu eins og áður hefur verið greint frá.⁶³ Litli drengurinn sem bjó við bágbornar aðstæður á Íslandi hafði í raun aldrei mögulega á að lifa af svæsin veikindi ofan í illa loftræstri skipslest, enda gat einungis helmingur íslenskra barna reiknað með að lifa 10 ára afmælisdaginn sinn.⁶⁴ Hið sama var uppi á tengingnum þegar árgömul dóttir hjónanna dó úr erfildum veikindum, í ísköldum bjálkakofa, þegar fjölskyldan var nýkomin til Kinmount í Kanada.⁶⁵

3.2 Málmfríður

Elsta eftirlifandi barn þeirra Ólafs fiólín og Sæunnar var stúlka að nafni Málmfríður en hún fæddist meðan hjónin voru enn í húsmennsku.⁶⁶ Hún var um það bil árgömul þegar henni var komið í fóstur hjá ekkju búsettri á Narfastöðum.⁶⁷ Skemmst er frá því að segja að þar ólst hún upp við hið besta atlæti og hitti foreldra sína einungis í örfá skipti meðan þau enn bjuggu á Íslandi, reyndar svo fá skipti að þau voru henni sem ókunn þegar það þó gerðist.⁶⁸ Málmfríður varð eftir á Íslandi þegar hjónin fluttu vestur um haf.⁶⁹ Þegar Málmfríður var á sextánda ári dó föstra hennar og við tóku vinnukonustörf í sveitinni. Hún var á endanum ráðin á hreppsstjóraheimilið þar sem ástir tókust með henni og syni hreppsstjórans. Fljótlega varð hún ófrísk en allt þetta ráðslag fór fyrir brjóstið á

⁶⁰ Sama rit, 94.

⁶¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 26.

⁶² Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 135.

⁶³ Sama rit, 195.

⁶⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 26.

⁶⁵ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 236–37.

⁶⁶ Sama rit, 95.

⁶⁷ Sama rit, 108.

⁶⁸ Sama rit, 141.

⁶⁹ Sama rit, 149.

hreppstjóranum og lauk með því að Málmfríður var rekin úr vistinni og leitaði á náðir föður síns sem þá bjó í Seyru með seinni konu sinni. Hreppstjórasonurinn hélt tryggð við unnustuna, yfirgaf æskuheimlið og saman fluttu þau Málmfríður vestur um haf með nýfædda dóttur sína.⁷⁰ Þeim vegnaði vel í Vesturheimi; hreppstjórasonurinn Auðunn gerðist þar verslunarmaður og þeim varð fleiri barna auðið.⁷¹ Sorgin knúði þó dyra þegar rúmlega tvítugur sonur þeirra lét lífið í stríði sem og 26 ára gamall tengdasonur þeirra,⁷² en báðir tóku þeir þátt í heimstyrjöldinni fyrri sem geisaði frá 1914–1918.⁷³ Málmfríður lést 73 ára gömul eftir skammvinn veikindi og það ber vott um ræktarsemi hennar við fjölskylduna að við jarðarför hennar komu saman fjórar kynslóðir.⁷⁴

3.3 Ólafur heiðarsveinn

Ári yngri en Málmfríður var sonurinn Ólafur sem fæddist á Þrískóaheiði árið 1869⁷⁵ og hlaut vegna þess viðurnefnið heiðarsveinn sem ávallt er notað um hann þegar á hann er minnst í *Vesturfarasögnum*. Fáeinna vikna gömlum var honum komið í fóstur í fyrsta sinn,⁷⁶ þar sem hann var fyrsta æviárið sitt eða allt þar til foreldrar hans hófu búskap í Seyru.⁷⁷ Tæplega fimm ára gamall fór hann aftur í fóstur og nú að Hnausum⁷⁸ þar sem hann var næstu 12 árin.⁷⁹ Ólafur heiðarsveinn varð eftir á Íslandi þegar foreldrar hans fluttu með yngri börnin vestur um haf og það var hann sem laumaði steininum græna í lófa yngri bróður síns og tengdi þá þannig saman um aldur og ævi.⁸⁰ Ólafur heiðarsveinn gerðist vinnumaður þegar hann sleit barnsskónum, var sparsamur og sjálfum sér nógur og vel það.⁸¹ Með honum og Halldóru, dóttur Elsabetar seinni konu Ólafs fiólín, tókust ástir og með konungsleyfi gengu þau í heilagt hjónaband.⁸² Ólafur heiðarsveinn keypti jörð, greiddi hana út í hönd og þar bjuggu þau hjón og varð fimm barna auðið.⁸³ Líf þeirra

⁷⁰ Sama rit, 366–70.

⁷¹ Sama rit, 567.

⁷² Sama rit, 609–10.

⁷³ Helga Birgisdóttir, *Saga Nonna: Ímyndir og aðdráttarafl í Nonnabókum Jóns Sveinssonar* (doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2021), 174.

⁷⁴ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 638.

⁷⁵ Sama rit, 371.

⁷⁶ Sama rit, 108.

⁷⁷ Sama rit, 122.

⁷⁸ Sama rit, 139.

⁷⁹ Sama rit, 371.

⁸⁰ Sama rit, 149–50.

⁸¹ Sama rit, 372.

⁸² Sama rit, 375.

⁸³ Sama rit, 376.

var þó ekki þrautalaust; þegar Ólafur heiðarsveinn var tæplega fertugur veiktist hann af fótarmeini sem leiddi til þess að hægri fóturinn var tekinn af honum.⁸⁴ Hann lét ekki deigan síga og sinnti ýmsum störfum þótt einfættur væri.⁸⁵ Ólafur heiðarsveinn, sem alla tíð bjó á Íslandi, lést 85 ára gamall.⁸⁶

3.4 Jóhann

Jóhann fæddist í Seyru meðan foreldrar hans hokruðu þar enn.⁸⁷ Hann fór ásamt Ólafi bróður sínum í fóstur til hjónanna á Hnausum⁸⁸ þar sem hann dvaldi í góðu yfirlæti allt þar til hann lagði upp í ferðina vestur með foreldrum sínum og yngri systkinum og með steininn græna í fórum sínum.⁸⁹ Hann var þriggja ára gamall þegar hann yfirgaf Ísland fyrir fullt og allt.⁹⁰ Jóhann, sem jafnan var kallaður Jói, var sterklega vaxinn og ekki nema sex ára þegar hægt var að hafa gagn af honum til bústarfa⁹¹ og á sama aldri var hann þegar hann missti móður sína úr bólusótt.⁹² Sömmu síðar var hann skilinn eftir hjá vandalausum í Kanada þegar faðir hans hélt á ný til Íslands.⁹³ Ein meginástæða þess að Jói varð eftir í Kanada var sú að fullorðna fólkinu fannst hann vera búinn að flækjast nóg á sinni stuttu ævi⁹⁴ en eins og síðar kom í ljós var flakki hans langt frá því lokið. Fjölskylda Jóa missti sjónar af honum og það var ekki fyrr en löngu seinna að þau fregnuðu að hann hefði farið norður í óbyggðir.⁹⁵ Fósturforeldrar Jóa höfðu tekið sig upp og sest að í Dakota þar sem hann ólst upp og gekk í öll störf með fjölskyldunni. Hann var á fjórtanda ári þegar hélt einn síns liðs af stað út í lífið.⁹⁶ Tæplega fimmtán ára gamall var hann skráður í herinn sem hrossastrákur og vann meðal annars við flytja skotfæri til vígstöðvanna og lík hermanna í burtu þaðan.⁹⁷ Því næst vann hann í sex ár á einum Rauðárbátanna, þótti aðhaldssamur og safnaði fé, uns hann hélt af stað norður í óbyggðir eins og áður hefur

⁸⁴ Sama rit, 489–90.

⁸⁵ Sama rit, 491.

⁸⁶ Sama rit, 371.

⁸⁷ Sama rit, 129.

⁸⁸ Sama rit, 139.

⁸⁹ Sama rit, 150.

⁹⁰ Sama rit, 164.

⁹¹ Sama rit, 319–20.

⁹² Sama rit, 322.

⁹³ Sama rit, 338.

⁹⁴ Sama rit, 332.

⁹⁵ Sama rit, 379.

⁹⁶ Sama rit, 408–10.

⁹⁷ Sama rit, 412–13.

verið greint frá.⁹⁸ Eftir ævintýralega langt ferðalag og erfiðisvinnu í kolanámu í tvö ár réði Jói sig til starfa á hóteli sem hann skömmu síðar keypti fyrir aleiguna.⁹⁹ Jóa óx fiskur um hrygg fjárhagslega, aðallega við gullgröft, hann seldi hótelið og keypti annað stærra. Til allrar óhamingju brann það hótél til kaldra kola og við tóku daglaunastörf hjá Jóa á ný.¹⁰⁰ Jói lést af slysförum árið 1915 en áður en það gerðist hafði hann beðið samlanda sinn að koma hluta af eigum sínum til ættingja sinna ef hann einhvern tímann rækist á þá og þannig rataði græni steinninn aftur í hendur Ólafs heiðarsveins.¹⁰¹

3.5 Jens Duffrín

Yngsta son sinn, Jens Duffrín, eignaðist Ólafur fiólín með seinni konu sinni þegar hann stóð á fimmtugu. Snemma kom í ljós að drengurinn var ekki eins og fólk er flest og lýstu sveitungarnir honum sem umskiptingi sem stórvantaði í.¹⁰² Hann var fimm ára gamall þegar Ólafur fiólín hélt aftur af stað vestur um haf með nýju fjölskylduna sína.¹⁰³ Ólafi og Elsabetu leið nokkuð vel eftir að þau höfðu komið sér fyrir í námunda við Málmfríði og fjölskyldu hennar í Winnipeg, höfðu í sig og á og undu vel við sitt.¹⁰⁴ Þeirra helsti Akkilesarhæll var í raun Jens Duffrín sem þótti „skelfing erfiður“¹⁰⁵ Jens Duffrín var látinn taka þátt í starfi Barnastúkunnar Heklu¹⁰⁶ og atvik þar varð til þess að foreldrar hans þurftu að láta hann frá sér til vandalausra. Hann varð fyrir aðkasti annarra barna í stúkunni en sum þeirra áttu það til að uppnefna hann svo að sveið undan.¹⁰⁷ Að því kom að eitthvað brast innra með Jens Duffrín og hann barði einn drengjanna til óbóta.¹⁰⁸ Skömmu síðar var ákveðið að koma honum fyrir hjá Mennóítum þar sem hann gæti unnið létt störf og gengið í skóla.¹⁰⁹ Mennónítar var friðsamur trúarhópur sem, líkt og Íslendingum, var mikið í mun að halda saman og vera sjálfstæðir um flest.¹¹⁰ Jens Duffrín

⁹⁸ Sama rit, 413–14.

⁹⁹ Sama rit, 625–28.

¹⁰⁰ Sama rit, 629–30.

¹⁰¹ Sama rit, 623.

¹⁰² Sama rit, 364.

¹⁰³ Sama rit, 379–80.

¹⁰⁴ Sama rit, 418–22.

¹⁰⁵ Sama rit, 416.

¹⁰⁶ Sama rit, 431.

¹⁰⁷ Sama rit, 434–35.

¹⁰⁸ Sama rit, 436–37.

¹⁰⁹ Sama rit, 443–44.

¹¹⁰ Ólafur Arnar Sveinsson, „Hugmyndin um sjálfstæði Nýja Íslands“, *Sagnir: Tímarit um sögulegt efni* 28, 1 (2008): 80.

var 10 ára gamall¹¹¹ þegar honum var komið fyrir hjá Mennóítum og hann var 16 ára¹¹² þegar hann yfirgaf þá eftir að í óefni stefndi vegna þess að hann hafði sýnt berum líkama uppeldissystur sinnar heldur mikinn áhuga.¹¹³ Ári síðar¹¹⁴ réði hann sig til starfa hjá sirkusi þar sem hann meðal annars kom fram á sýningum með tveimur dvergvöxnum íslenskum konum.¹¹⁵ Slíkar sýningar á viðundrum (e. *Freak Shows*) viðgengust í langan tíma en þá var fólk með meint eða raunveruleg líkamleg eða andleg frávik haft til sýnis.¹¹⁶ Jens Duffrín var við störf hjá sirkusnum í tæp fjögur ár, allt þar til hann dúkkaði skyndilega upp hjá móður sinni á ný.¹¹⁷ Hann skráði sig í herinn 23 ára gamall og fram kemur að hann var á vígstöðvunum í styrjöldinni árið 1918.¹¹⁸ Á fullorðinsárum sínum vann hann lengst af og bjó hjá fjölskyldu Málmfríðar systur sinnar¹¹⁹ og reyndar varð það svo að lokum að hann „gekk að erfðum í nokkrar kynslóðir“.¹²⁰ Síðustu árin bjó hann við gott atlæti þar til hann lést rúmlega áttræður.¹²¹

¹¹¹ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 498.

¹¹² Sama rit, 514.

¹¹³ Sama rit, 517–18.

¹¹⁴ Sama rit, 522.

¹¹⁵ Sama rit, 561.

¹¹⁶ Bogdan, *Freak Show: Presenting Human Oddities for Amusement and Profit* (Chicago: University of Chicago Press, 1988), 2.

¹¹⁷ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 595.

¹¹⁸ Sama rit, 607.

¹¹⁹ Sama rit, 636–37.

¹²⁰ Sama rit, 642.

¹²¹ Sama rit, 642–43.

4. Bókabörn

Hér að framan hefur verið fjallað um börn Ólafs fiólín eins og um raunverulegar manneskjur hafi verið að ræða. Svo er að sjálfsögðu ekki því öll eru þau bókabörn í fræðilegum skilningi og hafa aldrei verið til í hinum lifandi heimi. Dagný Kristjánsdóttir segir meðal annars um hugtakið bókabörn að um sé að ræða „tilbúin börn sem lifa í hugum og hjörtum höfunda sinna og lesenda“.¹²² Til frekari útskýringar á hugtakinu vitnar Dagný til orða breska bókmenntafræðingsins Adrienne E. Gavin sem segir t.d. að bókabörn séu alltaf gervibörn og þar séu dregnar upp ólíkar og táknrænar myndir af börnum.¹²³ Lesandinn gegnir mikilvægu hlutverki við sköpun bókabarna vegna þess að það er ekki síst í huga hans sem hinar táknrænu myndir og ímyndir barnanna verða til. Lesandinn er þó ekki einfalt fyrirbæri þegar kemur að *Vesturfarasögumum*. Eins og fyrr segir byggja sögurnar á bréfaskriftum sem stóðu yfir í langan tíma. Sögumaðurinn í bókunum les bréfin og segir sögu fólksins sem í þeim er að finna með því að skrifa nýtt bréf. Sögumaðurinn birtist þannig að vissu marki sem hinn innri lesandi (e. *implied reader*) sem í raun beinir hinum raunverulega lesanda í ákveðna átt.¹²⁴ Raunverulegi lesandinn kemur síðan að túlkuninni með ákveðnar væntingar, tilfinningar og lífsreynslu í farteskinu.¹²⁵ Úr þessu samspili hins innri og ytri lesanda, sögumanns og að sjálfsögðu höfundar verða bókabörn hans Ólafs fiólín til.

4.1 Bókabærnska

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að hér séu til umfjöllunar bókabörn eru *Vesturfarasögurnar* ekki barnabækur heldur eru þær ætlaðar fullorðnum. Með öðrum orðum má segja að hvað bókabörn Ólafs fiólín varðar er það fullorðinn höfundur sem skapar þau og skrifar um þau fyrir fullorðna lesendur. Dagný Kristjánsdóttir fjallar um þá hugmynd rómantísku stefnunnar að bernskuárin eigi að snúast um barnið sjálft og vera uppfyll af hamingju.¹²⁶ Jafnframt er það í anda stefnunnar að forða beri börnum frá hinum spillta heimi og í raun

¹²² Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 9.

¹²³ Sama rit, 11.

¹²⁴ Brillenburg Wurth og Rigney, *The Life of Texts: An Introduction to Literary Studies* (Amsterdam: Amsterdam University Press, 2019), 224.

¹²⁵ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, *Fræðaskjóða: Bókmenntafræði fyrir forvitna* (Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Bókaútgáfan Sæmundur, 2020), 204.

¹²⁶ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 44.

upphefja sakleysi þeirra.¹²⁷ Barnabækur, þ.e. bækur sem skrifaðar eru fyrir barnunga lesendur, þurfa hugsanlega á vinalegum sögumanni að halda sem meðal annars hugar að því að söguefnið hafi til að bera skemmtana- og leiðbeiningargildi.¹²⁸ Í raun er höfundur *Vesturfarasagnanna* leystur undan ákvæðum um að bernskan þurfi að vera hamingjusamur tími, þar sem lesandinn gæti verið of viðkvæmur til að lesa um harkalegt líf bókabarna, vegna þess að fullorðnir lesendur saganna hafa upplifað bernskuna á eigin skinni. Í anda Andreu Immel og Michael Witmore má því í raun „ganga að því sem gefnu að þar sem allir hafi einu sinni verið börn geti allir ósjálfrátt skilið hvers eðlis bernskan er“.¹²⁹ Með öðrum orðum má segja að það sé óþarfi fyrir höfund, eða kannski öllu heldur sögumann, að slá rósrauðum bjarma um bókabernskuna í *Vesturfarasögunum*.

Viðfangsefni þessara skrifa er að fjalla um börn Ólafs fíólín meðan þau eru enn á barnsaldri sem leiðir til þess að nauðsynlegt er að minnast á bernskuna sérstaklega. Bókabernska barna hans er langt frá því að vera hinn upphafni griðastaður sem rómantíska stefnan hefur að geyma¹³⁰ heldur er meira um lífsbaráttu að ræða hjá þeim sem mótar þau sem bókabörn og nánar verður fjallað um í næsta kafla.

4.2 Ímyndir bókabarna

Í bókinni *Bókabörn* fjallar Dagný Kristjánsdóttir um ímyndir bókabarna í verkum Jónasar Hallgrímssonar, Jóns Sveinssonar, Sigurbjörns Sveinssonar og Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar, meðal annars út frá hugmyndum samtímans um börn og bernsku.¹³¹ Ímyndir bókabarna má meðal annars flokka í hið rómantíska barn, hið trúaða barn, hið tilfinningasama barn, hið úrræðagóða barn og hið hæfa barn. Hin rómantísku börn má finna í sögum Jónasar Hallgrímssonar þar sem sakleysi og einfaldni barnsins og bernskunnar er hafið upp til skýjanna og bernskan fær hlutverk Paradísar sem hið hreina upphaf.¹³² *Nonnabækur* Jóns Sveinssonar falla undir hugmyndir um hið trúaða barn þar sem barnið er talið gott þótt heimurinn sé það ekki og þau átök sem barnið lendir í leysast farsællega eftir að það felur guði sig á vald.¹³³ Hinn góði guð vakir yfir og kemur til

¹²⁷ Helga Birgisdóttir, *Saga Nonna*, 52.

¹²⁸ Sama rit, 30.

¹²⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 23.

¹³⁰ Sama rit, 47.

¹³¹ Sama rit, 9.

¹³² Sama rit, 98.

¹³³ Sama rit, 126.

bjargar þeim sem á hann trúu.¹³⁴ Tilfinningasama barnið birtist gjarnan í bernsku- og munaðarleysingasögum Sveinbjörns Sveinssonar þar sem sögumaðurinn á það til að veita börnum tiltal, ýmist með því að setja sig í spor þeirra eða tala yfir höfuð þeirra til fullorðins lesanda.¹³⁵ Í sögunum er trúmatískum upplifunum barna einatt lýst og þá gjarnan á þann hátt að einhver fullorðinn yfirgefur þau eða að bregst þeim á annan hátt. Slíkt er vel fallið til að vekja samlíðan með barninu á tilfinningasaman hátt og getur einnig vakið upp hjá lesanda aðdáun og virðingu sem og meðaumkvun og vorkunn.¹³⁶ Í bókum og ljóðum Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar bregður fyrir sögnum af vesturförum rétt eins og sögunum sem hér eru til umfjöllunar. Þar birtast hin úrræðagóðu börn, t.d. í mynd söguhetjunnar í *Eiríki Hanssyni* sem er munaðarleysingi þrátt fyrir að faðir hans sé enn á lífi.¹³⁷ Úrræðagóða barnið verður í raun fullorðið fyrir aldur fram og þarf snemma að bjarga sér í hörðum heimi hinna fullorðnu.¹³⁸ Úrræðagóða barnið hefur einnig yfir sér blá ævintýralegrar söguhetju sem meðal annars þarf að treysta á innri styrk til að leysa flóknar þrautir.¹³⁹ Hinu hæfa barni verður best lýst með orðum Helgu Birgisdóttur sem segir það vera „barnið sem tekst á við þær áskoranir og þau vandamál sem það stendur frammi fyrir, sýnir þrautseigju og hugrekki og leysir sjálft úr þeim málum sem upp koma án aðstoðar hinna fullorðnu og jafnvel *þrátt fyrir* tilvist þeirra“.¹⁴⁰

¹³⁴ Sama rit, 128.

¹³⁵ Sama rit, 183.

¹³⁶ Sama rit, 183–84.

¹³⁷ Sama rit, 216.

¹³⁸ Sama rit, 219.

¹³⁹ Sama rit, 235.

¹⁴⁰ Helga Birgisdóttir, *Saga Nonna*, 207.

5. Ímynd bókabarna Ólafs fíólín

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ímyndum bókabarna Ólafs fíólín en í stuttu máli sagt fellur Málmfríður undir ímyndarhugtakið hið rómantíska barn, Ólafur heiðarsveinn undir hugtakið hið tilfinningasama barn en þeir Jóhann og Jens Duffrín svara til einkenna hins úrræðagóða barns. Þessu til viðbótar hafa bókabræðurnir þrír allir til að bera það hugrekki og þrautseigju sem þarf til að falla í hóp hinna hæfu barna.

5.1 Ímynd Málmfríðar

Þrátt fyrir að fyrsta æviár Málmfríðar hafi litast af erfiðleikum var bernska hennar að öðru leyti hamingjurík að því er virðist og fellur ímynd hennar meðal annars af þeim sökum undir hugmyndir um hið rómantíska barn.¹⁴¹ Eftir að ekkjan á Narfastöðum reiddi hana heim í fangi sínu voru æskuár hennar sveipuð hugljúfum blæ og í raun varð til hreint upphaf hjá Málmfríði, en það er einnig einkenni á hinu rómantíska barni.¹⁴² Hinn hugljúfi blær bernskuáranna birtist ekki hvað síst þegar telpan kvaddi móður sína í síðasta sinn, en við það tilefni lék bókabarnið Málmfríður í raun á alls oddi og það var eins og náttúran legði blessun sína yfir kveðjustundina, vegna þess að síðasta samvera mæðgnanna var í gróinni laut þar sem „var bláberjalyng í lautinni og berin nærri þroskuð“.¹⁴³ Segja má að bernska Málmfríðar kallist á við söguna *Grasaferð* eftir Jónas Hallgrímsson. Drengurinn í sögunni er munaðarlaus og elst upp hjá góðu fólki. Í grasaferðinni sem sagan fjallar um er hann umvafinn grösugri náttúru þegar hann kemur auga á útilegumann sem í raun ógnar tilveru hans.¹⁴⁴ Þrátt fyrir að móðir Málmfríðar sé heldur mildari sýn en útilegumaðurinn í sögunni vomir ógn af svipuðum toga yfir telpunni við komu hennar. Hefði hún verið komin til sækja Málmfríði í stað þess að kveðja hana var óvíst með öllu hvað yrði um hina hamingjuríku og björtu bernsku stúlkunnar. Málmfríður og drengurinn í *Grasaferð* hafa því hugsanlega fundið til sama léttis; hann þegar útilegumaðurinn hvarf og hægt var að snúa sér að grasatínslunni á ný¹⁴⁵ og hún þegar móðirin hvarf fyrir leiti og hægt var að snúa sér aftur að berjatínslunni.¹⁴⁶ Hin rómantíska ímynd Málmfríðar styrkist enn frekar

¹⁴¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 44.

¹⁴² Sama rit, 98.

¹⁴³ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 149.

¹⁴⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 85.

¹⁴⁵ Sama rit, 85.

¹⁴⁶ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 149.

þegar hugur hennar fer að leita á bernskuslóðir eftir að hún er orðin fullorðin. Í bréfum til bróður síns talar hún um að hún sakni rökkurkyrrðarinnar heima¹⁴⁷ og þegar hún fái bréf að heiman loki hún gjarnan augunum og svífi í huganum yfir æskuslóðirnar; „ég skoða hverja laut og hverja þúfu, sé reykina liðast upp frá bæjunum, sé þokunni létta af tindum, heyri Jökulsá niða á flúðum“.¹⁴⁸ Á þennan hátt er bernska bókabarnsins Málmfríðar hafin upp til skýjanna og innsiglar ímynd hennar þar með enn frekar sem hið rómantíska barn.¹⁴⁹

5.2 Ímynd Ólafs heiðarsveins

Ímynd Ólafs heiðarsveins fellur býsna vel að fjórða einkenni Melanie A. Kimball á munaðarleysingjum í bókmenntum, þ.e. hann er í senn aumkvunar- og aðdáunarverður.¹⁵⁰ Í *Vesturfarasögnum* er því oftár en einu sinni lýst hvernig foreldrar Ólafs heiðarsveins, hinir fullorðnu sem eiga að gæta hans, bregðast honum með því að yfirgefa hann.¹⁵¹ Fárra daga gamall er hann tekinn af foreldrum sínum í fyrsta sinn¹⁵² og komið fyrir hjá vandalausum þar sem ágætlega er þó farið með hann.¹⁵³ Samúð lesandans er snemma vakin með Ólafi heiðarsveini, t.a.m. þegar bóndinn á Hnausum viðrar áhyggjur sínar af því hvernig farið geti fyrir drengnum verði hann hafður of lengi í þessu fyrsta fóstri sínu.¹⁵⁴ Samliðan með drengnum verður enn sterkari þegar hann er skilinn eftir á Íslandi þegar foreldrar hans og yngri systkin flytja til Kanada. Hann sem augljóslega hafði sýnt Ameríku áhuga¹⁵⁵ fékk ekki að fara með heldur þurfti hann að horfa á eftir fólkinu sínu sigla á vit ævintýra sem og að kveðja yngri bróður sinn og leikfélaga í hinsta sinn.¹⁵⁶ Söknuðirnn eftir fjölskyldunni myndhverfist að einhverju leyti í græna steininum sem Ólafur heiðarsveinn gefur bróður sínum í skilnaðargjöf.¹⁵⁷ Hann lætur þó ekki bugast og gerir hið besta úr aðstæðum sínum og vekur einatt aðdáun lesandans, ekki síst þegar hann

¹⁴⁷ Sama rit, 566.

¹⁴⁸ Sama rit, 636.

¹⁴⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 98.

¹⁵⁰ Sama rit, 187–88.

¹⁵¹ Sama rit, 183–84.

¹⁵² Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 108.

¹⁵³ Sama rit, 115.

¹⁵⁴ Sama rit, 117.

¹⁵⁵ Sama rit, 138.

¹⁵⁶ Sama rit, 149.

¹⁵⁷ Sama rit, 150.

einungis 16 ára gamall bjargaði lífi Elsabetar.¹⁵⁸ Slík aðdáun kallar á virðingu fyrir unglíngnum sem bregst hraustlega við aðstæðum á ögurstundu, en hin tilfinningasömu börn þurfa á andstæðum tilfinningum lesenda að halda, þ.e. aðdáun og virðing þurfa að haldast í hendur við meðaumkvun og vorkunnsemi.¹⁵⁹ Ólafur heiðarsveinn er fyrst og fremst í hlutverki munaðarleysingjans; hann er yfirgefinn en hlýtur þó að launum einhvers konar ríkidæmi, ekki síst þegar hann að lokum eignast ástríka fjölskyldu og sitt eigið heimili,¹⁶⁰ en eins og áður hefur verið rakið greiddi Ólafur heimili sitt út í hönd og bjó þar á fullorðinsárum með eiginkonu sinni og börnum.¹⁶¹ Að öllu framanrituðu virtu fellur ímynd Ólafs heiðarsveins einna helst í flokk hins tilfinningasama barns en þau einkenni á bernsku hans sem lýst hefur verið heyra þar undir. Þó verður ekki framhjá því horft að örlítill blær hins rómantíska barns svífur yfir vötnum æskuára hans, ekki síst vegna þess að hann varð svo lánsamur að eignast framtíðarheimili hjá hjónunum á Hnausum¹⁶² og hljóta þannig nýtt og hreint upphaf bernskuáranna í annars svikulum heimi.¹⁶³

5.3 Ímynd Jóhanns

Ímynd Jóhanns er sú sem birtist í hinu úrræðagóða barni sem verður fullorðið fyrir aldur fram og þarf að bjarga sér sjálft eins og fullorðið væri.¹⁶⁴ Í raun má halda því fram að Jóhann hafi aldrei fengið tækifæri til að vera barn enda var einatt komið fram við hann eins og fullorðinn og hann í raun upplifði það margoft að foreldrarnir brugðust honum. Hann var á fjórða ári þegar hann var rifinn frá bróður sínum og leikfélaga sem hann átti aldrei eftir að sjá á ný.¹⁶⁵ Á leiðinni yfir hafið og við komuna í nýju heimkynnin naut hann ekki sama atlætis foreldranna og yngri systkinin; hann fékk sama vonda matinn að borða og hin fullorðnu meðan yngri börnin „fengu fyrir náð að sleikja í sig sírópið eitt“¹⁶⁶ og þegar yngri systirin var dúðuð eins og hægt var í kuldinum ytra naut Jóhann ekki þeirrar sömu mildi.¹⁶⁷ Sex ára gamall var hann talinn nógu stór til að hægt væri að hafa gagn af honum, meðal annars við þreskingar og jafngamall var hann þegar hann missti

¹⁵⁸ Sama rit, 352.

¹⁵⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 184.

¹⁶⁰ Sama rit, 188.

¹⁶¹ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 376.

¹⁶² Sama rit, 147.

¹⁶³ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 98.

¹⁶⁴ Sama rit, 219.

¹⁶⁵ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 151.

¹⁶⁶ Sama rit, 179.

¹⁶⁷ Sama rit, 232.

móður sína úr bólusótt.¹⁶⁸ Þegar Ólafur fíólín hélt aftur heim til Íslands var Jóhann skilinn eftir hjá vandalausum og þar með var hann í raun kominn með stöðu munaðarleysingja.¹⁶⁹ Jóhann var algjörlega á eigin vegum frá 13 ára aldri og vann fyrir sér í hinum ýmsu erfiðisstörfum fram á fullorðinsár.¹⁷⁰ Jóhann hefur yfir sér ævintýralegan hetjublæ rétt eins og Eiríkur Hansson í samnefndum sögum Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar. Báðum er fylgt eftir frá barnæsku til fullorðinsára, þeir yfirgefa öryggi heimahaganna, þurfa að standa sig í erfiðum aðstæðum og sigrast á ýmsum þrautum og allt einkennir þetta hið úrræðagóða barn.¹⁷¹ Jóhann á fleira sammerkt með fyrrnefndum Eiríki, t.a.m. það að báðir teljast þeir til munaðarleysingja þrátt fyrir að eiga föður á lífi.¹⁷² Þrautirnar sem Jóhann sigraðist á voru af ýmsum toga og flestar tengdar sjálfri lífsbjörginni; þegar hann kom einsamall til Winnipeg aðeins 13 ára gamall bjargaði hann sér sjálfur um íverustað, hann vann störf sem meðal annars fólu í sér flutning á líkömum látinna hermanna, auk þess sem hann starfaði við erfiðar aðstæður á einum af Rauðárbatunum, þar sem fyrir kom að hann varð fyrir aðkasti.¹⁷³ Hinn úrræðagóði Jóhann var sem sagt ennþá unglingur þegar hann var farinn að treysta á eigin innri styrk sér til bjargar.¹⁷⁴

5.4 Ímynd Jens Duffríns

Bókabarnið Jens Duffrín var frá fæðingu öðruvísi en önnur börn, ekki bara í útliti heldur líka í hátterni.¹⁷⁵ Að vissu marki hefur hann til bera ímynd hinna úrræðugóðu barna en þó með öðrum hætti en lýst var hér að framan um Jóhann bróður hans. Jens Duffrín flutti vestur um haf með föður sínum og móður þegar hann var fimm ára gamall.¹⁷⁶ Við komuna til Ameríku gekkst fjölskyldan undir læknisskoðun og niðurstaða þeirrar skoðunar var að Jens Duffrín væri „child, mentally and physically weak“.¹⁷⁷ Árin sem í hönd fóru ólst Jens Duffrín upp hjá foreldrum sínum við ágætt atlæti þrátt fyrir að vera talinn erfiður, ekki síst gagnvart öðrum börnum.¹⁷⁸ Eins og áður hefur verið lýst gekk Jens í skrokk á

¹⁶⁸ Sama rit, 319–20.

¹⁶⁹ Sama rit 357.

¹⁷⁰ Sama rit, 410–14.

¹⁷¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 235.

¹⁷² Sama rit, 216.

¹⁷³ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 410–14.

¹⁷⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 235.

¹⁷⁵ Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar*, 364.

¹⁷⁶ Sama rit, 379–80.

¹⁷⁷ Sama rit, 388.

¹⁷⁸ Sama rit, 418–20.

barni¹⁷⁹ og var í framhaldinu komið fyrir hjá Mennónítum.¹⁸⁰ Þá var hann 10 ára gamall.¹⁸¹ Hjá Mennónítum var hann næstu árin og það er á þeim tíma sem það fer að koma fram hversu úrræðagóður hann í raun var.¹⁸² Án foreldra og einn hjá vandalausum lagaði hann sig að aðstæðum og bjargaði sér á vissan hátt í heimi hinni fullorðnu, a.m.k. í heimi sem var gjörólíkur öllu því sem hann áður hafði þekkt.¹⁸³ Að auki bjó hann yfir ákveðnum innri styrk eða persónueinkennum þannig að þegar lögð var fyrir hann sú þraut að samlagast gjörbreyttum aðstæðum gekk honum vel að leysa hana, þrátt fyrir að teljast andlega og líkamlega veikburða.¹⁸⁴ Ímynd Jens Duffríns fellur þó ekki síður undir einkenni hins hæfa barns sem lýst verður nánar hér á eftir.

5.5 Hin hæfu bókabörn Ólafs fíólín

Bókabræðurnir Ólafur heiðarsveinn, Jóhann og Jens Duffrín eiga það sameiginlegt að hafa til að bera einkenni hins hæfa barns, þ.e.a.s að hver og einn þeirra er „barnið sem tekst á við þær áskoranir og þau vandamál sem það stendur frammi fyrir, sýnir þrautseigju og hugrekki og leysir sjálfst úr þeim málum sem upp koma án aðstoðar hinna fullorðnu og jafnvel *þrátt fyrir* tilvist þeirra“.¹⁸⁵ Ólafur heiðarsveinn komst yfir sorg og söknuð eftir að hafa verið yfirgefinn, vann sig upp og varð að stöndugum karlmanni. Jóhann varð fullorðinn fyrir aldur fram, sá um sig frá 13 ára aldri, komst tímabundið í nokkuð góðar álnir og stóð alla tíð í báða fætur þrátt fyrir fjarveru foreldranna. Jens Duffrín sýndi fyrst þegar hann var kominn til vandalausra að hann gat staðið á eigin fótum og tekist á við ýmsar áskoranir einn og óstuddur. Af lýsingum á bræðurnum hér að framan að dæma er ljóst að allir höfðu þeir til að bera þá þrautseigju og það hugrekki sem á þurfti að halda þegar þeir stóðu frammi fyrir þeim þrautum og áskorunum sem lífið rétti að þeim; vandamálin leystu þeir sjálfir *þrátt fyrir* að vera synir foreldra sinna.

¹⁷⁹ Sama rit, 436.

¹⁸⁰ Sama rit, 446.

¹⁸¹ Sama rit, 498.

¹⁸² Sama rit, 498–518.

¹⁸³ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 219.

¹⁸⁴ Sama rit, 235.

¹⁸⁵ Helga Birgisdóttir, *Saga Nonna*, 207.

6. Lokaorð

Eins og frá greinir í inngangi var meginmarkmið þessarar ritgerðar að fjalla um börn Ólafs fiólín í *Vesturfarasögum* Böðvars Guðmundssonar út frá bókmenntafræðilegum kenningum um ímyndir bókabarna og var sjónum beint að þeim börnum hans sem lifðu fram á fullorðinsár. Byggt var á hugmyndum sem fram koma í bókinni *Bókabörn* eftir Dagnýju Kristjánsdóttur um *rómantíska barnið*, *tilfinningasama barnið*, *trúaða barnið*, *úrræðagóða barnið* og *hið hæfa barn*. Til að sýna fram á þetta var lífshlaup barna Ólafs fiólín rakið og sagt frá atvikum og áföllum í lífi þeirra sem skapa ímyndir þeirra sem bókabörn. Að auki var gerð grein fyrir ástæðum flutninganna vestur um haf, ferðalaginu sjálfu og breyttum lífsháttum í nýjum heimkynnum. Gerð var grein fyrir hugtakinu bókabörn, farið nokkrum orðum um bókabærnsku auk stuttrar almennrar umfjöllunar um ímyndir bókabarna.

Fjögur börn Ólafs fiólín lifðu bernskuna af og snerist rannsóknarvinnan um að greina þau eftir fyrrnefndum hugmyndum um ímyndir bókabarna. Niðurstöðunum er ítarlega gerð skil í kaflanum hér á undan en í stuttu máli eru þær eftirfarandi:

Bókabarnið Málmfríður fellur í hóp rómantískra barna á grundvelli þess að bernska hennar er hamingjurík og sveipuð hugljúfum blæ. Bernskan fær birtingarmynd nýs upphafs þegar Málmfríði er komið fyrir hjá góðu fólki. Auk þess er bernskan hafin upp til skýjanna í endurlitum hinnar fullorðnu Málmfríðar til æskuáranna.

Bókabarnið Ólafur heiðarsveinn fellur undir hugmyndir um hið tilfinningasama barn. Hann hefur einkenni munaðarleysingja í bókmenntum og því er lýst hvernig hann var yfirgefinn og svikinn af þeim sem áttu að gæta hans. Samlíðan lesandans með Ólafi heiðarsveini er nær óumflýjanleg og kallar ýmist á aðdáun og virðingu eða meðaumkvun og vorkunnsemi. Ef horft er til æskuára Ólafs heiðarsveins meðan hann var í góðu fóstri hefur persóna hans þó að geyma örlítinn anga hins rómantíska barns.

Bókabarnið Jóhann hefur ímynd hins úrræðagóða barns á þeim grunni að hann verður fullorðinn fyrir aldur fram og er sjálfbjarga frá unga aldri. Jóhann er jafnt í hlutverki munaðarleysingja og ævintýralegrar hetju sem þarf að treysta á innri styrk til að komast af í hörðum heimi hinna fullorðnu.

Bókabarnið Jens Duffrín er einnig úrræðagott barn að því marki að hann er fær um að laga sig að breyttum aðstæðum og bjarga sér í ókunnum heimi. Hann býr yfir innri

styrk til að leysa þær þrautir sem á vegi hans verða þrátt fyrir að vera talinn líkamlega og andlega veikburða.

Til viðbótar við framangreindar ímyndargreiningar fá bókabræðurnir þrír stöðu hins hæfa barns enda hafa þeir allir til að bera hugrekki og þrautseigju til að leysa vandamál og bjarga sér á eigin spýtur án aðkomu fullorðinna.

Í upphafi var lagt af stað í ferðalag með litlum grænum steini og nú þegar komið er að leiðarlokum þessara skrifa reikar hugurinn til hans á ný. Ferðalagið með fallega steininum græna og bókabörnunum í *Vesturfarasögunum* hefur verið áhugavert og jafnvel gjöfult á hugmyndir að frekari skrifum um efni úr sama ranni. Bókmenntasteinarnir eru margir og liggja víða og hvetjandi þykir að skima eftir þeim í framtíðinni og jafnvel leggja upp í fleiri ferðalög með öðrum bókabörnum.

Heimildaskrá

- Baldur Hafstað, „Ólafur ferjumaður frá Seyru“, *Skírnir* 172, vor (1998): 238–250.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, *Fræðaskjóða: Bókmenntafræði fyrir forvitna*. Ritstjóri Viðar Hreinsson. Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Bókaútgáfan Sæmundur, 2020.
- Bogdan, Robert, *Freak Show: Presenting Human Oddities for Amusement and Profit*. Chicago: University of Chicago Press, 1988.
- „Bókmenntaborgin“, Bókmenntaborgin. 8. maí 2023:
<https://bokmenntaborgin.is/bokmenntavefur/hofundar/bodvar-gudmundsson>
- Böðvar Guðmundsson, *Vesturfarasögurnar: Híbyli vindanna, Lífsins tré*. Reykjavík: JPV Forlag, 2015.
- Böðvar Guðmundsson (ritstjóri), *Bréf Vestur-Íslendinga I–II*. Reykjavík: Mál og menning, 2001–2021.
- „Böðvar og Þorsteinn hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin“, *Morgunblaðið*, fréttatilkynning, 4. febrúar 1997.
- Brillenburg Wurth, Kiene, og Ann Rigney, *The Life of Texts: An Introduction to Literary Studies*. Amsterdam: Amsterdam University Press, 2019.
- Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn: Íslenskar barnabókmenntir verða til*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun, Háskólaútgáfan, 2015.
- Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason, *Íslensk bókmenntasaga*. Reykjavík: Mál og menning, 1992.
- Helga Birgisdóttir, *Saga Nonna: Ímyndir og aðdráttarafl í Nonnabókum Jóns Sveinssonar*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2021.
- Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs: Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*. Sagnfræðirannsóknir 17. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.
- Loftur Guttormsson, Ólög Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771–1950: Nokkrar rannsóknarniðurstöður“, *Saga: Tímarit sögufélags*, 39 (2001): 51–107.
- Ólafur Arnar Sveinsson, „Hugmyndin um sjálfstæði Nýja Íslands“, *Sagnir: Tímarit um sögulegt efni* 28, 1 (2008): 78–84.